



**ÍSLENSK ÆTTLEIÐING**  
ICELANDIC ADOPTION SOCIETY

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/27*  
*komudagur 2.11.2006*

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150- Reykjavík


Reykjavík 26. október 2006.

Íslenskri Ættleiðingu var sent erindi frá Allsherjarnefnd Alþingis dagsett 20. okt. 2006 þar sem óskað er eftir umsögn félagsins vegna frumvarps um breytingar á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999.

Íslensk ættleiðing er eina löggilta félagið hérlendis sem hefur leyfi stjórnvalda til að annast milligöngu um ættleiðingar erlendis frá og hefur um langt skeið starfað í góðri samvinnu við Dómsmálaráðuneytið. Það er að mati Íslenskrar ættleiðingar mjög mikilvægt við þær breytingar sem hér eru kynntar að tryggð sé áframhaldandi góð umgjörð ættleiðingarmála. Félagið hefur ekki athugasemdir við það að ákvörðunarferli stjórnvalda í ættleiðingarmálum sé unnið af sýslumanni eins og kynnt er í frumvarpinu, sé það tryggt að málsmeðferðartími lengist ekki og að umgjörð þessa málaflokks verði vönduð sem hingað til.

Við vinnslu ættleiðingarmála þarf félagið og hugsanlega umsækjendur að eiga samneyti við stjórnvöld sem ákvörðun taka, bæði í formi fyrirspurnar og framlagningar og útskýringar á ýmsum gögnum. Tryggja þarf, að mati Íslenskrar ættleiðingar, að við breytinguna verði sýslumanni gert kleift fjárhagslega að sinna þessum verkefnum með öruggum hætti, þrátt fyrir mögulega staðsetningu fjarri höfuðborginni þaðan sem flestar umsóknir koma. Þá er einnig brýnt að mati Íslenskrar ættleiðingar að tryggt sé að þessi breyting feli ekki í sér aukinn kostnað fyrir félagið vegna umsýslu þess, og ef svo verði þá taki stjórnvöld tillit til þess við afgreiðslu styrkja til félagsins á fjárlögum. Vakin er athygli á því að ekki er hægt að sjá að horft hafi verið til þess þáttar við framlagningu á fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2007.

Fyrir hönd stjórnar Íslenskrar ættleiðingar

  
Ingibjörg Jónsdóttir  
formaður